



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

Sigurður Á. Þráinsson <sigurdur.thrainsson@uar.is>  
Re: Stóra ármót  
Sent: 20.06.2017 14:37:06 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017060018, Bréfalyklar: 42-5  
um veiði friðaðra fuglategunda

---

Tilvísun í mál: 2017060018

Sæll Sigurður

Vísað er í meðfylgjandi tölvupóst og tölvupóst frá ráðuneytinu dags. 14. júní sl., um erindi Höskulds Gunnarssonar f.h. Stóra - Ármóts ehf, um leyfi til að skjóta álfir. Náttúrufræðistofnun telur að hafna eigi erindinu eins og það er lagt fyrir en tekur undir þá leim sem kemur fram í meðfylgjandi tölvupósti hér að neðan frá ráðuneytinu.

Eftirfarandi eru athugasemdir við erindið og rök fyrir því að erindinu skuli hafnað:

1. Beðið er um leyfi til að drepa ótilgreindan fjölda álfra tímabundið, án þess að það sé skilgreint nánar, og ekki er skilgreint hver/hverjir eigi að vera handhafar undanþágunnar.
2. Hvergi kemur fram í umsókninni að leitað hafi verið til Umhverfisstofnunar um leiðbeiningar sbr. 3. gr. laga nr. 64/1994.
3. Ef breyta á langtímastefnu varðandi álftrá, þá er nauðsynlegt að skipuleggja aðgerðir fyrirfram og fylgja þeim eftir með rannsóknum - að öðrum kosti verða aðgerðirnar ómarkvissar og gefa ekki upplýsingar um árangur.
4. Náttúrufræðistofnun hefur margítrekað bent á að móta þurfi stefnu um þessi mál og að aðgerðir eigi að byggja rannsóknum en ekki einhliða yfirlýsingum frá tjónþola.
5. Skýrslur sem liggja fyrir byggja fyrst og fremst á mati frá bændum en þeim hefur ekki verið fylgt eftir með vettvangskonnum eftir því sem Náttúrufræðistofnun best veit.
6. Mikið af álfum var við Stóra-Ármót 15.júní (um 150), þarf af um um 100 á túnnum - og auk þess um 40 fjár. Um 75 geldgæsir voru á ánni og fara væntanlega upp á túnin. Þetta var skoðað með fjarsjá frá Tannastöðum handan Ölfusár en þaðá sést vel yfir ármótin og sum túnin. Þessar álfir eru geldfuglar og fara í fjaðrafelli annars staðar eftir örfáar vikur - en gætu auðvitað komið aftur síðsumars.

Meðan að ekki liggja fyrir rannsóknir og heildarstefna um framangreint m.a. um mat á tjóni og aðgerðir auk vöktunar á árangri telur NÍ að hafna eigi erindinu.

Kveðja

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigurður Á. Þráinsson <sigurdur.thrainsson@uar.is>

Dags: 20.06.2017 13:16:44

Til: "sbeck@umhverfisstofnun.is" <sbeck@umhverfisstofnun.is>, "trausti@ni.is" <trausti@ni.is>

Efni: Stóra ármót

---

Sælir báðir,

Við höfum farið yfir þetta mál hér í ráðuneytinu og sýnist farsælast, með tilliti til þess að þeir hafa ekki leitað eftir leiðbeiningum og aðstoð frá UST um lausnir, að afgreiða þetta þannig að UST fari yfir málið með þeim, kanni hvað þetta er mikill ágangur og hvernig megi finna lausn á því með fælingum og forvörnum. Það fé sem stofnunin fékk í þessu mál verði nýtt m.a. á þessu svæði til þess að finna leiðir til varnar ágangi og tekin verði saman skýrsla um málið áður en frekari aðgerðir verða ákveðnar.

Vildi benda ykkur á þessar hugleiðingar okkar ef þið eru að hugsa á sömu leið um aðgerðir.

Bestu kveðjur,

Sigurður

**Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment  
and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland.

Sími / Tel: (+354) 545 8600

[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing